



# Fjarskiptastofa

## Ákvörðun nr. 2/2023 Advania á Íslandi ehf. veitt fullgild staða

(málsnr. 2021120054)

### I.

#### Inngangur

(1) Fjarskiptastofu barst erindi frá Advania á Íslandi ehf. (hér eftir „Advania“) þann 21. desember 2022, þar sem óskað var eftir að Fjarskiptastofa veiti félaginu fullgilda stöðu til að starfa sem fullgildur traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna tímastimpla. Með erindi félagsins fylgdi samræmismatsskýrsla frá samræmismatsstofunni TÜV AUSTRIA.

### II.

#### Lagaumhverfi

(2) Fjarskiptastofa fer með eftirlit samkvæmt lögum nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Stofnunin hefur eftirlit með traustþjónustuveitendum sem hafa staðfestu á íslensku yfirráðasvæði í samræmi við framangreind lög og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (eIDAS reglugerð) en reglugerðin var innleidd hér á landi með tilvísunaraðferð og setningu nýrra laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Reglugerðin hefur rýmra gildissvið en forveri hennar, tilskipun 1999/03/EB, og nær þannig til fleiri tegunda traustþjónustu auk þess að fjalla um rafræna auðkenningu og skjöl og gagnkvæma auðkenningu á rafrænum auðkenningarleiðum yfir landamæri.

(3) Í reglugerðinni er traustþjónusta skilgreind í 16. tl. 3. gr. með eftirfarandi hætti, sbr. einnig 8. tl. 3. gr. laga nr. 55/2019:

*Rafræn þjónusta, sem að öllu jöfnu er veitt gegn þóknun og felst í:*

- a) myndun, sannprófun og staðfestingu rafrænna undirskrifta, rafrænna innsigla eða rafrænna tímastimpla, rekjanlegrar rafrænnar afhendingarþjónustu og vottorða sem tengjast þessum þjónustum eða*
- b) myndun, sannprófun og staðfestingu vottorða fyrir sannvottun vefsetra eða*
- c) varðveislu rafrænna undirskrifta, innsigla eða vottorða sem tengjast þessum þjónustum.*

(4) Ákvæði eIDAS reglugerðarinnar kveða á um hlutverk eftirlitsstofnanna sem starfa skulu á grundvelli gerðarinnar. Þar er í 17. gr. fjallað um hlutverk þeirra. Eitt af þeim hlutverkum sem þar eru talin upp eru að veita traustþjónustuveitendum og þjónustunni sem þeir veita fullgilda stöðu og afturkalla þessa stöðu í samræmi við ákvæði 20. og 21. gr. reglugerðarinnar, sbr. g-liður 4. mgr. 17. gr. Þá skal eftirlitsstjórnvald krefjast þess að traustþjónustuveitendur bæti úr öllu tilvikum þar sem kröfur, sem mælt er um fyrir í reglugerðinni, eru ekki uppfylltar, sbr. j-liður 4. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar.

(5) Fjarskiptastofa veitir þannig traustþjónustuveitendum, sem hafa staðfestu á íslensku yfirráðasvæði, og traustþjónustunni sem þeir veita fullgilda stöðu á grundvelli 21. gr. reglugerðarinnar. Stofnuninni ber að sannprófa hvort að traustþjónustuveitandi og traustþjónustan sem hann veitir standist kröfur reglugerðarinnar, sbr. 2. mgr. 21. gr. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að kröfur reglugerðarinnar séu uppfylltar veitir hún traustþjónustuveitanda og traustþjónustunni sem hann veitir fullgilda stöðu. Í kjölfarið er traustlisti uppfærður í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar og traustþjónustuveitanda er þá heimilt að nota traustmerki Evrópusambandsins, sbr. 1. mgr. 23. gr.

(6) Reglugerðin gerir greinarmun á því hvort um fullgilda eða ófullgilda traustþjónustu sé að ræða en ríkari kröfur eru gerðar til fullgildrar traustþjónustu og fullgildra traustþjónustuveitenda, sbr. 20.-24. gr. reglugerðarinnar. Þannig þurfa fullgildir traustþjónustuveitendur að tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við framangreind ákvæði reglugerðarinnar og tengdra framkvæmda. Í því skyni að tryggja fylgni við reglugerðina er fullgildum traustþjónustuveitendum skylt að fela samræmismatsstofu að gera úttekt á starfsemi þeirra, á sinn eigin kostnað, á a.m.k. 24 mánaða fresti, sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar. Fullgild traustþjónusta er jafnframt birt á traustlista sem aðildarríkjum ber að viðhalda og birta skv. 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar. Traustlistum er þannig ætlað að byggja upp traust á milli markaðsaðila og stuðla að trausti neytenda til þjónustunnar, þar sem hann er sönnun fyrir því að traustþjónustuveitandi hafi fullgilda stöðu.

(7) Í reglugerðinni er að finna almenn ákvæði sem eiga við um bæði fullgilda og ófullgilda traustþjónustu en þau atriði eru meðal annars viðfangsefni samræmismats. Í báðum tilvikum skal vinnsla persónuupplýsinga samrýmast gildandi persónuverndarlögum, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þá er kveðið sérstaklega á um bótaábyrgð og sönnunarbyrði traustþjónustuveitanda í 13. gr. reglugerðarinnar. Þannig bera traustþjónustuveitendur ábyrgð á tjóni sem einstaklingur eða lögaðili verður fyrir, sem valdið er af ásetningu eða gáleysi, og rekja má til þess að skuldbindingar samkvæmt reglugerðinni eru ekki uppfylltar. Sönnunarbyrði hvílir á fullgildum traustþjónustuveitendum að sanna að tjón sé ekki rakið til ásetnings eða gáleysis. Þá er jafnframt gerð krafa um að traustþjónusta sem veitt er sé aðgengileg fötluðu fólki þegar það er framkvæmanlegt, sbr. 15. gr. reglugerðarinnar. Reglugerðin gerir kröfu um að traustþjónustuveitendur geri viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að stýra öryggisáhættu traustþjónustunnar sem þeir veita, sbr. 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar. Í 2. mgr. 19. gr. er einnig að finna tilkynningarskyldu sem lögð er á traustþjónustuveitendur um hvers konar öryggisrof eða glötun á heilleika sem hefur umtalsverð áhrif á traustþjónustu sem veitt er eða á persónuupplýsingar sem í henni felast.

(8) Í 24. gr. reglugerðarinnar er að finna sérstakar kröfur sem gerðar eru til fullgildra traustþjónustuveitenda. Í 1. mgr. ákvæðisins koma fram tilteknar kröfur sem gerðar eru til sannprófunar við útgáfu fullgildra vottorða. Þá eru gerðar enn frekari kröfur til fullgildra traustþjónustuveitanda í 2. mgr. sama ákvæðis. Gerð er krafa til fullgilds traustþjónustuveitanda að upplýsa eftirlitsstofnun um hvers konar breytingar á þjónustunni eða ef fyrirhugað er að hætta starfsemi, sbr. a-liður 2. mgr. 24. gr. Þá skal hann ráða starfsfólk sem býr yfir nauðsynlegri sérþekkingu, áreiðanleika, reynslu, menntun og hæfni sem hafa fengið viðeigandi þjálfun varðandi öryggismál og persónuvernd, sbr. b-liður 2. mgr. 24. gr. Ennfremur er gerð sú krafa að fullgildur traustþjónustuveitandi ráði að staðaldri yfir nægilegu fjármagni og/eða útvegi sér viðeigandi ábyrgðartryggingar til að koma til móts við þá áhættu sem fylgir skaðabótaábyrgð traustþjónustuveitanda, sbr. c-liður 2. mgr. 24. gr. Í d-lið ákvæðisins er fjallað um skilmálanotkun og skyldu fullgilds traustþjónustuveitanda að upplýsa notendur, áður en gerður er samningur við aðila, um skilmála er gilda um notkun á traustþjónustunni, þ.m.t. takmarkanir á notkun hennar. Þá skal fullgildur traustþjónustuveitandi nota áreiðanleg kerfi og vörur sem eru varin fyrir breytingum og öryggi þeirra tryggt ásamt því að nota áreiðanleg kerfi við varðveitingu gagna sem ver þau gegn óheimilum aðgangi sem og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir fölsun og þjófnað gagna, sbr. e-, f- og g-liður 2. mgr. 24. gr. Fullgildur traustþjónustuveitandi skal einnig gera ráðstafanir svo allar upplýsingar sem skipta máli varðandi útgefin og móttækin gögn séu aðgengileg í hæfilega langan tíma, þ.m.t. eftir að hann hefur hætt starfsemi, sbr. h-liður 2. mgr. 24. gr. Þá er gerð krafa um að traustþjónustuveitandi hafi uppfærða áætlun er varðar niðurlagningu á starfsemi til að tryggja samfellu þjónustunnar og að tryggð sé lögmæt vinnsla persónuupplýsinga, sbr. i- og j-liður 2. mgr. 24. gr.

(9) Hugtakið rafrænn tímastimpill er skilgreint í 33. tl. 3. gr. reglugerðarinnar sem „*gögn á rafrænu formi sem binda önnur gögn á rafrænu formi við tiltekinn tíma til að sanna að síðarnefndu gögnin voru til á þeim tíma*“. Kveðið er á um réttaráhrif rafrænna tímastimpla í 41. gr. reglugerðarinnar og kröfur til fullgildra rafrænna tímastimpla í 42. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skal fullgildur rafrænn tímastimpill uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) hann tengir dagsetningu og tímasetningu við gögn þannig að hægt er að útiloka með viðunandi hætti möguleikann á að gögnunum sé breytt án þess að það uppgötvist,
- b) hann skal byggjast á nákvæmri tímaheimild sem er tengd samræmdum heimstíma (e. *Coordinated Universal Time*) og
- c) hann er undirritaður með útfærðri rafrænni undirskrift eða innsiglaður með útfærðu rafrænu innsigli fullgilds traustþjónustuveitanda, eða með jafngildri aðferð.

### III.

#### Málsmeðferð

##### 3.1 Samskipti aðila

(10) Fjarskiptastofu barst erindi frá Advania dags. 21. desember 2022 þar sem óskað var eftir yfirferð á samræmismatsskýrslu TA235223976 sem tekur til myndun fullgildra rafrænna tímastimpla (e. *creation of qualified electronic time stamps*).

(11) Fjarskiptastofa sendi gagnabeiðni á Advania, dags. 25. janúar sl., þar sem óskar var eftir að félagið afhenti stofnuninni þau gögn sem lágu til grundvallar samræmismatinu svo hægt væri að framkvæma frekari sannprófun á fylgni við kröfur reglugerðarinnar. Gögnin voru afhent Fjarskiptastofu til yfirferðar þann 1. febrúar sl.

### 3.2 Úttekt samræmismatsstofu

(12) Samræmismatið var framkvæmt í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar af samræmismatstofunni TÜV AUSTRIA sem hefur viðurkennda faggildingu<sup>1</sup>. Við úttekt notast samræmisstofan við aðferðafræði sem byggir á staðlinum ETSI EN 319 403-1. Úttekt samræmismatsstofu náði til fylgni við ákvæði eIDAS reglugerðarinnar ásamt fylgni við þær kröfur sem fram koma í staðlinum ETSI EN 319 401 og ETSI EN 319 421.

(13) Úttektinni var skipt í tvö stig. Í fyrsta lagi var yfirferð á opinberum skjölum félagsins, s.s. notendaskilmálum og vottunarframkvæmd, sem fór fram á tímabilinu 22. júní til 28. júlí 2022. Þá var í öðru lagi framkvæmd úttekt á starfstöð félagsins þar sem farið var yfir innleiðingu á verkferlum og verklagsreglum en sú úttekt fór fram dagana 2. - 4. ágúst 2022. Næsta eftirlitsúttekt er áætluð 17. október 2023.

### 3.3 Sannprófun Fjarskiptastofu

(14) Fjarskiptastofa framkvæmdi í kjölfarið sannprófun á samræmismati og þeim gögnum sem því fylgdi. Sannprófun stofnunarinnar náði til almennra ákvæða reglugerðarinnar, nánar tiltekið 1. mgr. 5. gr., 2. og 3. mgr. 13. gr., 15. gr. ásamt 1. og 2. mgr. 19. gr., sem og til þeirra sértæku ákvæða sem gilda um fullgilda traustþjónustu og fullgilda rafræna tímastimpla, sbr. 20. gr., 3. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 23. gr., 2. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 42. gr.

(15) Sannprófun Fjarskiptastofu fólst í svokallaðri skrifborðsúttekt þar sem stofnunin kallaði eftir tilteknum gögnum til að staðreyna hvort félagið hafi framfylgt þeim kröfum sem eIDAS reglugerðin gerir. Við sannprófun sína yfirfór stofnunin, til viðbótar við samræmismatskýrslu frá samræmismatsaðila, yfirlýsingu um framkvæmd tímastimplunar (*Timestamping Practice Statement*), notendaskilmála (*Terms and Conditions for use of Time-Stamping Service*), upplýsingar tengdum skilríkjum (*Signet TSA: Profile of Signet TSA certificate and Signet TSA time stamp*), lokunaráætlun (*Advania Termination Plan for Qualified Time-Stamp Service*) og verklagsreglu um aðskilnað skylduverka (*Advania Time-Stamping Service Segregation of Duties (SOD)*). Þá fór einnig fram skoðun á vottunarframkvæmd (e. *Certification Practice Statement*) og vottunarstefnu (e. *Certificate Policy*) Auðkenni ehf. sem annast útgáfu rafrænna innsigla sem Advania notar við veitingu tímastimplunarþjónustu.

(16) Við yfirferð á hlítingu við 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar er ljóst að eIDAS reglugerðin gerir ekki körfu um almennt mat á vinnslu persónuupplýsinga, enda var slíkt mat hvorki framkvæmt af samræmismatsstofu né Fjarskiptastofu. Fjarskiptastofu ber þó skylda skv. f-lið 4. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar að upplýsa persónuverndaryfirvöld um hugsanleg frávik frá kröfum persónuverndarlaga nr. 90/2018, en stofnunin varð ekki vör við vísbendingar um

<sup>1</sup> Sjá hér vottorð um faggildingu: [https://www.tuv.at/fileadmin/user\\_upload/docs/certification/Akkreditierungs-Urkunde\\_und\\_Umfang\\_Produktzertifizierung.pdf](https://www.tuv.at/fileadmin/user_upload/docs/certification/Akkreditierungs-Urkunde_und_Umfang_Produktzertifizierung.pdf)

frávik frá kröfum laganna. Varðandi kröfur 13. gr. reglugerðarinnar sýndi sannprófunin að til staðar væru skilmálar sem eru hluti af heildarsamningi sem gerður er við lögaðila og skilmálarnir innihalda ákvæði um takmarkanir á ábyrgð traustþjónustuveitanda. Traustþjónustan sem um ræðir er ekki veitt til einstaklinga og því ekki hægt að tryggja aðgengi fyrir fatlað fólk í samræmi við 15. gr. reglugerðarinnar. Sannprófun leiddi einnig í ljós að til staðar er öryggisskipulag í samræmi við 1. mgr. 19. gr. og ferli vegna atvikatilkynninga í samræmi við 2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar.

(17) Þá voru skilyrði ákvæða 1. mgr. 20. gr., 3. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 23. gr. uppfyllt varðandi eftirlit með traustþjónustuveitanda, upphaf fullgildrar þjónustu og notkun á traustmerki. Þær kröfur sem gerðar eru til fullgildra traustþjónustuveitanda í 2. mgr. 24. gr. reyndust einnig vera uppfylltar.

(18) Við sannprófun á því hvort kröfur til fullgildra rafrænna tímastimpla skv. 1. mgr. 42. gr. væru uppfylltar reyndust öll skilyrði vera uppfyllt. Tímastimpillinn tengir saman dagsetningu og tímasetningu með þeim hætti að útilokaður sé möguleiki á því að hægt sé að breyta gögnunum án þess það uppgötvist. Þá reyndist tímastimpillinn byggja á nákvæmri tímaheimild sem er tengd samræmdum heimstíma (e. *Coordinated Universal Time*) og tímastimpill jafnframt innsiglaður með útfærðu rafrænu innsigli fullgilds traustþjónustuveitenda.

#### IV.

#### Forsendur og niðurstaða

(19) Er það niðurstaða Fjarskiptastofu eftir yfirferð stofnunarinnar á samræmismati Advania og þeim gögnum sem því fylgdi að veita félaginu fullgilda stöðu til að starfa sem traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna tímastimpla. Sú ákvörðun er tekin með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2019, sbr. einnig 2. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014.


(20) Advania er heimilt að hefja veitingu fullgildrar traustþjónustu frá og með dagsetningu ákvörðunar þessarar þegar fullgild staða hefur verið færð á traustlista í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar, sbr. 3. mgr. 21. gr. Eftir að fullgild staða hefur verið færð inn á traustlista er félaginu jafnframt heimilt að koma fram sem fullgildur traustþjónustuveitandi og nota traustmerki ESB fyrir fullgilda traustþjónustu, sbr. 1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar.


#### Ákvörðunarorð

1. Advania á Íslandi ehf. er veitt fullgild staða til að starfa sem traustþjónustuveitandi á sviði rafrænna tímastimpla og er heimilt að hefja veitingu fullgildrar traustþjónustu við dagsetningu ákvörðunar þessarar. Ákvörðun þessi er tekin með stoð í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2019, sbr. einnig 2. mgr. og 3. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014.
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan

fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um málskostnað fer samkvæmt 5. mgr. ákvæðisins, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun Fjarskiptastofu beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til meðferðar.

*Fjarskiptastofa, 30. mars 2023.*

  
Hrafnkell V. Gíslason

  
Arna Hrónn Ágústsdóttir